



Reykjavíkurborg  
b.t. velferðarsviðs  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2019

1905005SA TP  
Málalykill: 00.64

## **Efni: Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra - umsögn um stefnuðrög**

Vísað er til tölvupósts frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, dags. 1. maí sl., þar sem drög að stefnu ásamt aðgerðaáætlun í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir voru send til umsagnar hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið þakkar fyrir tækifærið að taka með þessum hætti þátt í stefnumörkun borgarinnar. Málefni heimilislausra hafa verið til mikillar umræðu á undanförunum misserum og ljóst að gera þarf gangskör í málum, bæði hvað varðar uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir hópinn en jafnframt að nauðsynleg félags- og heilbrigðisþjónusta sé til staðar. Hvað báða þessa þætti varðar skiptir meginmáli að samvinna takist milli ríki og sveitarfélaga sem og innan sveitarstjórnarstigsins.

Borgarráð samþykkti á fundi þann 31. júlí 2018 að hefja formlegt samstarf milli ríkis, Reykjavíkurborgar, stærstu sveitarfélaga annarra og sambandsins til þess að finna raunhæfar úrlausnir í málefnum þessa hóps. Tilfni samþykktarinnar var álit umboðsmanns Alþingis frá 6. júlí 2018 um húsnæðisvanda utangarðsfólks.

Í framhaldi af samþykkt borgarráðs (sbr. bréf borgarstjóra dags. 9. ágúst 2018 til SSH, félagsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og sambandsins) var skipaður stýrihópur um málefnið. Stýrihópurinn er að störfum og mun ráðgert að hann skili skýrslu fljótlega. Að mati sambandsins er mjög brýnt að samhæfa niðurstöður stýrihópsins við stefnumörkun og aðgerðaáætlun höfuðborgarinnar.

### **Húsnæðisvandi utangarðsfólks - úrlausnarefni höfuðborga**

Í nágrannalöndum er velþekkt að viðbrögð við heimilisleysi koma einkum og sér í lagi í hlut höfuðborga þeirra. Á Norðurlöndum hafa Finnar fundið áhugaverðar lausnir (eins og nefnt er í stefnuskjali borgarinnar). Meginstefið í aðgerðum þar í landi er sú nálgun að heimilisleysi sé fyrst og fremst húsnæðisvandi og spurning um tilkall til réttinda sem tryggi þá grunnþörf alls fólks að búa við öruggt húsnæði. Þessu tilkalli beri að mæta án þess að meðhöndla fyrirbyggjandi vanda sem óhjákvæmlegan fylgifisk félagslegra erfiðleika sem fólk komi sér sjálf í. Hugmyndafræðin er kennd við „housing first“ og gengur út á að skilgreina aðgerðir sem hluta af húsnæðispolítík fremur en sem útfærslu á opinberri velferðarþjónustu.

Í Noregi eru viðbrögð við vanda utangarðsfólks hluti af stefnumörkun stjórnvalda í húsnæðismálum (*Bolig for velferd* Nasjonal strategi for boligsosialt arbeid 2014-2020). Fram kemur í stefnumörkuninni að gripið verði til sérstakra ráðstafana m.a. með samningum á milli Husbanken og Oslóarborgar.

Að mati sambandsins gæti verið gagnlegt að dýpka umfjöllun um þessar ráðstafanir í stefnuskjali Reykjavíkurborgar, en til þeirra er einungis vísað í neðanmálgreinum. Jafnframt er ástæða til þess að skilgreina betur en gert er hvort áformuð stefnumörkun Reykjavíkurborgar (skv. fyrirbyggjandi stefnuðrögum) lúti fyrst og fremst að þeirri þjónustu sem heimilislausir fái eða þeim eiginlegu húsnæðisúrræðum sem til stendur að úthluta til hópsins. Er þá haft í huga að sú leið að fella húsnæðisúrræði með almennum hætti undir velferðarþjónustu getur orkað tvímælis

og valdið vafa í framkvæmd. Hafa ber í huga að húsnæðisúrræði eru takmörkuð gæði og þannig ólík hinni almennu velferðarþjónustu sem öllum á að standa til boða. Í Finnlandi og Noregi var niðurstaða skýrlega sú að fjalla um húsnæðisúrræði fyrir utangarðsfólk sem mikilvægan hlekk í mótun og framkvæmd húsnæðisstefnu (housing problem / boligsosjal utfordring).

Afmörkun áherslna í stefnumótunarferlinu skiptir máli m.a. þegar kemur að því að úthluta ábyrgð á aðgerðum. Sambandið telur það ákveðinn veikleika við fyrirliggjandi stefnuþróun að velferðarviði er einu ætlað að bera hitann og þungann af nánast öllum aðgerðum en önnur mikilvæg svið borgarinnar eru hins vegar ekki nefnd, þar á meðal svið þjónustu og nýsköpunar, svið mannauðs og starfsumhverfis og svið fjármála og áhættustýringar. Augljóst er að síðastnefnda sviðið (sem leysir skrifstofu eigna og atvinnuþróunar af hólmi) hlýtur að verða í lykilhlutverki við framkvæmd aðgerða sem snúa að fjölgun eiginlegra húsnæðisúrræða, í gegnum aðkomu að fjárfestingaáætlun borgarinnar, eignasjóði hennar og gerð eigendastefnu m.a. fyrir Félagsbústaði.

### Höfuðborgarstefna

Bent er á að í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 er fjallað um mótun höfuðborgarstefnu (aðgerð C.4.) sem skilgreini hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna, réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar Íslands og stuðli að aukinni samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Aðgerðin er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis en miðað er við að afurð úr vinnunni verði samningar milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Að mati sambandsins er fyllsta ástæða til þess að tengja aðgerðaáætlun borgarinnar í málefnum heimilislausra við höfuðborgarstefnuna og að mögulegur miðlægur stuðningur við uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir heimilislausu verði ákveðinn í samningsgerð sem stefnt er að skv. umræddri aðgerð C.4. í byggðaáætlun.


### Samandregið

Fyrirliggjandi stefnuþróun er metnaðarfullt skjal sem byggir á gagnreyndri aðferðafræði sem þróast hefur (m.a. á Norðurlöndum) um skaðaminnkandi nálgun og húsnæði/heimili sem grunnþörf alls fólks. Sambandið er sammála því hvernig meginmarkmiðum og leiðarljósum er lýst en bendir á að skerpa megi á því hvernig þeim hópi sem hér um ræðir er mætt, annars vegar með eiginlegri velferðarþjónustu og hins vegar með eiginlegum húsnæðisúrræðum.

Mjög áriðandi er að tengja væntanlega aðgerðaáætlun borgarinnar við niðurstöður stýrihóps skipuðum af félagsmálaráðherra og vinnu við höfuðborgarstefnu. Ný svið í stjórnsýslu borgarinnar þurfa einnig að koma að framkvæmd aðgerða.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri